

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 327/1986 um breytingu á reglugerð
nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Auk þeirra hækkana sem um getur í 21. gr. staflið a) hækki framfærslugrunnurinn um 7,5% 1. mars 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 25. febrúar 1989.***Svavar Gestsson.**

*Stefán Stefánsson.***REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 137/1988, orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærra laun að meðaltali til annarra á mánuði en 115.500 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 1.155.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 1.155.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. janúar 1989.

*Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1989.***F. h. r.
Lárus Ögmundsson.**

Snorri Olsen.